

EFTIRLITSSKÝRSLA

RIFÓS HF.

Dagsetning	14. desember 2011	Fulltrúi UST	Gísli Jónsson
Fyrirtæki	Rifós hf.	Starfsleyfi, gildir til	Er með undanþágu
Heimilisfang	Kelduhverfi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500692-2869	Fulltrúar fyrirtækis	Hlífur Karlsson
Isat nr.	05.02.2	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Fiskeldi, 500t lax, 200t bleikja /ári		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit varðandi notkun á kopar til varnar gróðurmyndun á nótum eldiskvía.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirliti var einkum litið til eftirfarandi þátta:

Frárennsli frá seiðaeldisstöð

Koparnotkun á nætur þess að verja þær fyrir ásætum.

Fyrirhugað starfsleyfi sem búið er að auglýsa.

Vöktunaráætlun og niðurstöður vöktunar.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Fram kom í eftirliti að fyrirtækið notar gróðurhindrandi málningu á nætur eldiskvía sem innihalda kopar. Losun á kopar í vatn er háð starfsleyfi sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Ekki er fjallað um losun kopars í núverandi starfsleyfi fyrirtækisins og þar með gefur það ekki leyfi fyrir losun. Í tillögu að starfsleyfi sem hefur verið auglýst til athugasemda er gert ráð fyrir því að fyrirtækið fái frest til að breyta starfsháttum þannig að allri koparlosun sé hætt.

Fráviki frá 7. gr. reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar í kjölfar eftirlits.

Annað:

Ekki varð vart við mikinn þörungagróður, fóðurleifar eða útfellingar við útrásarop frárennslis seiðaeldistöðvar.

Náttúrustofa Norðausturlands hefur gert vöktunarmælingar fyrir Rifós og var fundað með forstöðumanni Náttúrustofunnar og farið yfir niðurstöður mælinga. Afhent var skýrslu um frumframleiðni í lóninu þar sem fiskeldið er. Mæld var blaðgræna vikulega en þær mælinga endurspegla magn svifþörungna í vatninu. Magn þeirra gefur síðan vísbendingu um næringarefna ástand og fæðuframboð í vatninu. Niðurstaða mælinga er að ekkert bendir til þess að ofauðgun eigi sé stað í lóninu. Rætt var um að Umhverfisstofnun er að gera leiðbeiningar um vöktunaráætlanir fyrir fiskeldi og eðlilegt að endanleg vöktunaráætlun skv. nýju fyrirhuguðu starfsleyfi verði gerð með hliðsjón af þeim.

Rætt var um nýtt fyrirhugað starfsleyfi fyrir fiskeldistöðina. Vegna lagatæknilegra ástæðna hefur tafist að gefa starfsleyfið út en það var auglýst í júní sl.

Það hefur verið dælt undan eldiskvíum annað hvert ár til þess að hindra uppsöfnun úrganga og fóðurleifa. Tekið er á þessu í nýju fyrirhuguðu starfsleyfi og ef það á að varpa úrganginum í ytra lónið þarf að óska um leyfi frá Umhverfisstofnun um varp í hafið sbr. lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda fram.

Reykjavík, 22/12/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.